

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. júlí 2022
UST202207-071/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - stækkun suðursvæðis – Njarðvíkurhöfn. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða framkvæmdir á núverandi hafnarsvæði og stækkun sem verður á svæði sem þegar hefur verið raskað. Talið er að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð á Njarðvíkurfitjar.

Fram kemur í greinargerð að grjót í öldubrjót, grjótvörn og kjarnafyllingu verður sótt í opna námu í Helguvík. Fram kemur að efni sem fellur til við dýpkun hafnarinnar er mengað. Til að þetta efni dreifist ekki frekar verður því komið fyrir neðst í landfyllingu og neðst í brimvarnargarði og í raun urðað til að hindra dreifingu mengaðs sets.

Gerð er grein fyrir verklagi sem viðhaft verður við meðferð setefnis til að hindra dreifingu mengaðs efnis sem best.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að lögð verði áhersla á að hindra frekari mengun og koma setefni þannig fyrir að dregið verður verulega úr hættu á að þetta efni berist víðar.

Hér er um að ræða framkvæmd sem mun hafa áhrif á svæðum sem þegar hefur verið raskað og viðbót við núverandi starfsemi í Njarðvíkurhöfn.

Greinargerðin er ítarleg og vel unnin og gerð er grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur